




Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
104 Reykjavík  
Fax: +354 588 8848

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

## AUKAÞING BTÍ 2009

Aukaþing Borðtennissambands Íslands fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31. janúar 2009 kl. 11. Fjallað var um tillögur til breytinga á reglugerðum BTÍ en umræðum um þær var frestað á ársþingi sambandsins í nóvember 2008.

**Þingsetning.** Snorri Páll Einarsson, formaður BTÍ, setti aukaþingið. Hann óskaði eftir málefnalegri og hnitmiðaðri umræðu um ágreiningsefni. Stjórn BTÍ hefur lagt vinnu í að bregðast við gagnrýni á tillögur sem fram hafa komið til breytinga á reglugerðunum. Þá hafa deildirnar líka lagt fram breytingartillögur. Tillögurnar liggja frammi á fundinum.

**Kjör fundarstjóra og fundarritara.** Stungið var upp á Snorra Páli Einarssyni sem fundarstjóra og Ástu M. Urbancic sem fundarritara. Kjör þeirra var samþykkt samhljóða.

**Staðfest lögmæti þingsins.** Þingið telst vera löglega boðað. Enginn mótmælti því.

**Kjörbréfanefnd.** Í nefndina voru valdir: Ólafur Ólafs, Kristján Rafn Hjartarson og Ólafur Elí Magnússon. Nefndin tók þegar til starfa. Rætt var um hvort hver fulltrúi hefði aðeins eitt atkvæði og er það í samræmi við lög. Einnig var rætt hvort fulltrúi, sem ekki er á kjörbréfi gæti tekið sæti á þinginu í stað þeirra sem voru forfallaðir. Sú tillaga var dregin til baka og því ekki tekin afstaða til hennar. Þegar nefndin hafði lokið störfum las Ólafur upp kjörbréf. Aðalfulltrúar, sem höfðu rétt til að sækja þingið, voru 28. Alls mættu 13 atkvæðisbærir fulltrúar frá 5 félögum. Kjörbréfin voru samþykkt samhljóða.

*Fulltrúar frá ÍBR-KR (6):* 1. Kjartan Briem; 2. Guðrún G. Björnsdóttir.

*Fulltrúar frá ÍBR-Víkingi (7):* 1. Ólafur Ólafs; 2. Daði Guðmundsson; 3. Pétur Ó. Stephensen (mætti ca. kl. 12.30).

*Fulltrúar frá ÍBR-Erninum (2):* 1. Árni Siemsen.

*Fulltrúar frá HSK-Dímon (4):* 1. Ásta Laufey Sigurðardóttir; 2. Ólafur Elí Magnússon; 3. Sigurjón Sváfnisson; 4. Björgvin Daníelsson.

*Fulltrúar frá UMSK-HK (3):* 1. Bjarni Þorgeir Bjarnason; 2. Kristján Rafn Hjartarson; 3. Snorri Páll Einarsson.

**Breytingar á reglugerðum.**

### Reglugerð um styrkleikalista

Ásta M. Urbancic flutti nokkrar tillögur til breytinga á reglugerð um styrkleikalista. Hún kynnti stuttlega þau álitamál sem þarf að taka á í reglugerðinni, sérstaklega þegar nýir og eldri leikmenn eru settir inn á listann.

**3.grein. Opinber listi og gildissvið.** Ásta lagði til breytingar á fjölda uppfærslu listans og að aðeins sé um fasta daga að ræða þegar listinn er uppfærður. Var stjórn BTÍ sammála tillögu Ástu. Á þinginu lagði Ásta til að 1. júní verði bætt við uppfærsludaga, þannig að uppfærslur væru níu árlega. Ólafur Ólafs spurði um hvort ekki ætti að birta lista 1. hvers mánaðar enda þótt engin keppni hefði farið fram í mánuðinum. Tillaga Ástu og stjórnarinnar var samþykkt að viðbættum 1. júní. 3. gr. hljóðar þá þannig:

### **3. gr. Opinber listi og gildissvið**

BTÍ skal birta opinberlega uppfærðan lista ný sinnum á ári:

1. október, 1. nóvember, 1. desember, 1. janúar, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní.

Nýjasti listi hverju sinni ákvarðar röðun keppenda í flokka í samræmi við 2. gr. í mót BTÍ.

Sérstakur listi skal birtur fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

Þessi birting er hinn opinberi listi.

**4. grein. Áhrifasvið.** Tillaga lá fyrir frá Ástu um að leikmenn félaga, sem ekki skila niðurstöðum móts eða deildarleikja til BTÍ, fái ekki að taka þátt í mótum fyrr en úrslitum hefur verið skilað. Stjórn BTÍ tók undir tillöguna. Ólafur Ólafs taldi ekki rétt að refsa leikmönnum fyrir að stjórn félags skili ekki úrslitum. Sigurjón Sváfnisson taldi að félag þurfi að fá kvittun fyrir að gögnum sé skilað. Kristjáni Rafni fannst úrræðin vera hörð. Guðrún spurði hvaða úrræði BTÍ hafi til að leggja á fésektir. Tillagan var felld eins og hún var lögð fyrir. Kjartan lagði til að ný tillaga verði sett fram eftir hlé og var það samþykkt.

Eftir hlé var lögð fram tillaga um að skilafresturinn verði lengdur í 5 daga. Breytt tillaga var felld með 6 atkvæðum gegn 5.

**5. grein. Vægi móta.** Guðrún bað um skýringar á heitum hinna mismunandi móta í reglugerðinni.

Umræða fór fram um það hvort innanfélagsmót eigi að fara inn á styrkleikalistann en um það voru skiptar skoðanir. Guðrún benti á að til þess þurfi meiri umgjörð en nú er um mótin. Kjartan minnti á að öll mót á styrkleikalista gilda þegar þingfulltrúum er úthlutað. Ólafur taldi að treysta ætti félögunum. Ásta sagði að ekkert innanfélagsmót hefði farið inn á listann í hennar tíð sem umsjónarmaður og hún vissi ekki til að það hefði verið gert áður heldur. Allir voru sammála um tillögur til breytinga á vægi 2 og 3. Greidd voru atkvæði um hvort ætti að taka innanfélagsmót út úr 4. grein og var það samþykkt með 9 atkvæðum gegn 2.

Greinin með áorðnum breytingum:

### **5. gr. Vægi móta**

Mót hafa mismunandi vægi samkvæmt eftirfarandi lista:

- Íslandsmót fullorðinna, vægi 4.
- Íslandsmót unglunga og eldri flokka, Grand-Prix, úrvalsmót, bikarkeppni félaga og 1. deild karla og kvenna, vægi 3.
- Opin mót (þ.m.t. punktamót), landshluta- og svæðismót fullorðinna, flokkakeppni unglunga og 2. deild karla og kvenna, vægi 2.
- Aldursflokkamót, byrjenda- og eldri flokkur í opnum mótum, vægi 1.

**Ný grein um nýja leikmenn (6.grein).** Tillaga kom frá Ástu og stjórn BTÍ lagði fram svipaða tillögu. Kristján Rafn spurði hvernig nýir leikmenn eru metnir inn á styrkleikalista í útlöndum. Ásta svaraði því sem hún vissi um Bandaríkin. Ólafi Ólafs fannst óeðlilegt að nýr leikmaður geti komið inn hátt á listanum ef hann tapar öllum sínum leikjum fyrir hátt röðuðum spilurum. Kjartan taldi að það ætti að þurfa lágmarksfjölda leikja, t.d. 5, til að komast inn á styrkleikalistann. Guðrún lagði til að nefnd verði til staðar sem úrskurði í þessum málum. Kjartan lagði til að tillagan verði samþykkt en að hægt sé að skjóta niðurstöðunni til stjórnar BTÍ. Snorri Páll tók að sér að gera tillögu til breytinga í samræmi við hugmyndir um úrskurðarnefnd í hléinu.

Eftir hlé var greinin samþykkt, með setningu um áfrýjun til stjórnar BTÍ sem viðbót.

#### **6. grein. Nýir leikmenn**

Nýir leikmenn eru settir inn á styrkleikalista byggt á úrslitum á fyrsta móti sem þeir taka þátt í. Nýr leikmaður sem vinnur alla sína leiki er metinn inn á styrkleikalista með 25 styrkleikastig ofar en stigahæsti maður sem hann vann. Leikmaður sem kemur nýr inn og tapar öllum sínum leikjum er metinn inn 25 styrkleikastigum neðar en stigalægsti maður sem hann tapaði fyrir. Þegar nýr leikmaður bæði vinnur og tapar á sínu fyrsta móti er tekið meðaltal af stigafjölda stigahæsta leikmannsins sem hann vann og stigalægsta leikmannsins sem hann tapaði fyrir.

Ef leikmaður sem tekur þátt í móti á vegum BTÍ er ekki á nýjasta styrkleikalista skal notuð síðasta skráning hans á styrkleikalista. Ef leikmaður tók síðast þátt í móti áður en styrkleikalistakerfið var tekið upp skal leikmaðurinn metinn inn í styrkleikalistann með lágsta stigafjölda í þeim flokki sem hann var síðast í. Þannig fari t.d. leikmaður sem var síðast í 1. flokki karla inn með 1500 stig á styrkleikalistann.

Nýr leikmaður, sem er ósáttur við upphaflega röðun sína á styrkleikalista, getur skotið röðuninni til stjórnar BTÍ, sem úrskurðar í málinu innan 2 vikna.

**Ný grein um virka leikmenn og baklista (7. grein).** Tillagan kom upphaflega frá Ástu, HK lagði til breytingar á henni og stjórn BTÍ kom fram með tillögu sem tekur tillit til beggja tillagnanna. Kjartan minnti á leikmenn, sem spila erlendis, en þeir eru nokkrir á listanum núna. Ólafur Ólafs taldi að tímaviðmið fyrir virka leikmenn ætti að vera það sama og fyrir útreikninga á fjölda þingfulltrúa fyrir ársþing. Var tekið undir þá skoðun. Rætt var um hvort leikmenn, sem ekki hafa mætt til keppni í einhver ár, ættu að missa stig. Ásta benti á að ekki væri hægt að gera það lengra aftur en til ársins 2003. Ólafi Ólafs fannst að leikmenn ættu að fá bónus fyrir að vinna og tapa leikjum. Kjartan sagði innbyggt í kerfið að leikmenn græði meira á að vinna en tapa leikjum, sérstaklega í hærra rönkuðum mótum. Snorri Páll benti á að stjórnin geti breytt reglugerðinni. Kjartan spurði hvort fundarmenn geti sætt sig við að

viðmiðunin fyrir virka leikmenn sé 4 ár. Ákvörðun var frestað þar til eftir hlé. Þá var greinin samþykkt svohljóðandi:

#### **7. gr. Virkir leikmenn og baklisti**

Birting styrkleikalista skal ná yfir virka leikmenn, sem eru þeir leikmenn sem hafa tekið þátt í mótum á vegum BTÍ á yfirstandandi keppnistímabili og síðustu þrjú ár þar á undan. (Þannig að fyrir keppnistímabilið 2008-2009 séu þeir virkir sem hafa tekið þátt í mótum frá 1. janúar 2006).

Allir leikmenn sem hafa styrkleikastig frá árinu 2003 eða síðar skulu vera á aðgengilegum styrkleikalista á vef BTÍ, sem er svokallaður baklisti.

Óvirkir leikmenn á styrkleikalista skulu vera skráðir með lægsta stigafjölda þess flokks er þeir kepptu í síðast og snúi þeir aftur til keppni hefja þeir keppni með þann stigafjölda.

#### **8. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 01. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um styrkleikalista BTÍ þar með úr gildi.

Samþykkt á aukapingi BTÍ þann 31. janúar 2009.

### **Keppnisreglur**

**8. gr. um mótanefnd.** Ásta lagði fram tillögu um breytingu á skilafresti úrslita úr mótum til samræmis við 4. gr. reglugerðar um styrkleikalista. Skilafrestur verði þrír dagar. Tillagan var samþykkt.

Kjartan lagði fram tillögu um að bætt verði við heimild til að taka upp leyfisgjald, sem komi í staðinn fyrir punkttagjald, sem var til á árum áður. Gjaldið bæti utanumhald og fengi inn peninga til að standa straum af kostnaði við mótahald, uppfærslu styrkleikalista o.þ.h. Verði heimildin sett inn þarf ekki endilega að nota hana núna. Snorri benti á að BTÍ fái styrki og velti því fyrir sér hvort slíkt gjald fæli frá.

Stjórnin lagði til breytingu á orðinu mótanefnd, sem verði mótssjórn ef ekki er átt við mótanefnd BTÍ. Eru slíkar breytingar gerðar á fleiri greinum keppnisreglna. Í atkvæðagreiðslu voru 8 með breytingu og 3 á móti. Breytingin var því samþykkt. Greinin með áorðnum breytingum hljóðar þannig:

#### **8 gr.**

Mótanefnd BTÍ er skipuð af stjórn strax að loknu ársþingi. Mótanefnd sér um og skipuleggur Íslandsmót, Íslandsmót unglunga, Íslandsmót öldunga, flokkakeppni og bikarkeppni. Mótanefnd skal einnig sjá um og færa punktastöðu.

Tilkynna verður öll mót milli tveggja félaga eða stærri til mótanefndar BTÍ. Punktamót má ekki halda án leyfis mótanefndar.

Mótanefnd BTÍ er heimilt að ákveða sérstakt gjald fyrir keppnisleyfi leikmanna til þátttöku í opnum mótum, sem skal endurspegla kostnað við utanumhald styrkleikalista, punktalista, framsetningar mótaskrár og úrslita mótanna.

Senda skal mótanefnd BTÍ afrit af öllum leiktöflum nema innanfélagsmóta eigi síðar en þremur dögum eftir mót.

Mótanefnd BTÍ sendir út keppnistöflu yfir flokkakeppni Íslands, Íslandsmót og þau punktamót sem hún hefur leyft fyrir 10.október. Önnur mót skulu einnig fylgja eftir því sem vitað er um.

Öll mót hafa mótisstjórn.

Mótisstjórnir eru skipaðar eða kosnar fyrir hvert mót eftir þörfum.

Mótisstjórnir skipuleggja mót, auglýsa, taka við keppnisgjöldum, ráða dómara, ákveða keppnisflokka og taka allar ákvarðanir varðandi mót um þau atriði sem ekki eru ákveðin í þessum reglum, leikreglum eða lögum BTÍ. Má þar nefna til viðbótar fjölda flokka sem hver einstakur leikmaður má taka þátt í (sjá þó reglur um flokkakeppni og Íslandsmót).

**9.gr. um dómnefnd og yfirdómara.** Fyrir lágu tillögur til breytinga frá HK og frá stjórn BTÍ, sem gera ráð fyrir að yfirdómari megi vera í félaginu, sem heldur mótið. Núgildandi ákvæði um að yfirdómari megi ekki vera í félaginu, sem heldur mótið hefur ekki verið framfylgt, þar sem yfirdómarar eru ekki á hverju strái. Breytingarnar eru tvenns konar. Annars vegar að yfirdómari megi vera í félaginu sem heldur mótið. Hins vegar að yfirdómari megi keppa í móti þar sem hann er yfirdómari. Ásta lagðist gegn því að yfirdómari keppti í móti þar sem hann væri yfirdómari af prinsípástæðum. Tillaga stjórnar BTÍ var samþykkt og hljóðar þá greinin svo:

#### **9 gr.**

Mótisstjórnir skipa dómnefnd og yfirdómara þeirra móta sem þær hafa yfirumsjón með. Dómnefnd er skipuð 3 mönnum. Enginn þessara manna má taka þátt í mótinu sjálfu. Auk dómnefndar er skipaður yfirdómari. Yfirdómari skal vera viðstaddur mótið. Yfirdómari skal hafa landsdómararéttindi hið minnsta. Sækja má um undanþágu frá ákvæði 9. gr. til stjórnar BTÍ ef sérstakar aðstæður skapast. Ósk um undanþágu skal berast BTÍ a.m.k. 5 dögum fyrir dagsetningu móts.

**11. gr. um auglýsingar móta.** Breytingatillögur lágu fyrir frá Ástu og frá stjórn BTÍ. Ekki er ljóst hvað önnur setningin þýðir, um að auglýsa eigi önnur mót viðkomandi félögum og mótanefnd BTÍ. Ekki var greitt atkvæði um hana þar sem engar tillögur komu fram til breytinga á þessari setningu.

Tillaga stjórnar BTÍ var samþykkt en í henni er sagt að senda skuli auglýsingar um öll mót (í stað punktamóta) til BTÍ og allra félaga innan BTÍ. Einnig komi orðið mótisstjórnarmenn inn í stað mótanefndarmenn í síðustu setningunni.

Tillaga Ástu gerði einnig ráð fyrir breytingu á upphafi greinarinnar, en tillaga stjórnarinnar gekk lengra og því var tillaga Ástu til breytinga á þessari setningu ekki rædd. Ásta lagði einnig til að á eftir orðunum „Hvort raðað verður á töflu“ komi setningin „Hver er lágmarksfjöldi keppenda fyrir keppni í auglýstum flokkum á mótinu“. Sú tillaga var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 2. 11. grein hljóðar þá þannig:

#### **11 gr.**

Auglýsingar um öll mót skal senda til BTÍ og öllum félögum innan BTÍ eigi síðar en 20 dögum fyrir mót. Mótanefnd BTÍ er ekki heimilt að gefa punkta fyrir mót sem ekki uppfylla þessi skilyrði. Í auglýsingu á eftirfarandi að koma fram:

- Félagið sem heldur mótið,
- Hvers konar keppni fer fram,
- Staður og stund,
- Hvort raðað verður á töflu,
- Hver er lágmarksfjöldi keppenda fyrir keppni í auglýstum flokkum á mótinu,
- Skráningarfrestur,
- Flokkar þeir sem keppt verður í,
- Þáttökugjald,
- Hvenær og hvar verður dregið,
- Gerð og litur kúlna,
- Verðlaun,
- Mótsstjórnarmenn og yfirdómari.

**13. gr. um þáttökutilkynningar í mót.** Stjórnin lagði fram tillögur þar sem orðið mótsstjórn kemur í stað mótanefndar og nokkrar aðrar orðalagsbreytingar gerðar. Tillagan var samþykkt samhljóða. Greinin hljóðar þá þannig:

#### **13 gr.**

Þáttökutilkynningar í mót skulu sendast í einu lagi fyrir hvert félag til viðkomandi mótsstjórnar á þar til gerðum eyðublaðum áður en tiltekinn skráningarfrestur rennur út. Mótsstjórn er ekki skylt að taka tillit til skráningar á mót sem berst eftir að skráningarfrestur rennur út.

Skráningareyðublað skal undirritað af ábyrgum aðila innan hvers félags.

Þáttökugjöld greiðast í einu lagi fyrir upphaf móts og er sá aðili sem undirritar þáttökutilkynningar viðkomandi félags ábyrgur fyrir greiðslunni. Séu ekki gerð full skil á þáttökugjöldum allra skráðra keppenda er mótsstjórn óheimilt að leyfa nokkrum innan viðkomandi félags að hefja keppni.

Þáttökutilkynning tilgreini fullt nafn, fæðingardag og ár keppenda, ef um aldursflokkamót er að ræða, svo og flokk hans og punktafjölda.

Þáttökutilkynning tilgreini fullt nafn og kennitölu keppenda, svo og flokk hans.

**14.gr. um aldursflokka.** Fyrir þinginu lágu tillögur til breytinga á aldursflokkum frá Kjartani Briem, Ragnari Ragnarssyni og stjórn BTÍ. Tillaga stjórnarinnar var samhljóða tillögu Kjartans og var samþykkt samhljóða en þó aðlöguð að tillögu Ragnars þannig að bætt er við öldungaflokkum upp að 70 ára og eldri aldursflokki. Í samþykkttri tillögu felst einnig að flokkur drengja og stúlkna miðast við 18 ár en ekki 17 eins og áður var, og við bætist flokkur ungmenna 19-21 árs.

#### **14 gr.**

Keppt er í eftirfarandi aldursflokkum:

- |                   |                |                 |
|-------------------|----------------|-----------------|
| • 11 ára og yngri | hnokkar        | tátur           |
| • 12-13 ára       | piltar         | telpur          |
| • 14-15 ára       | sveinar        | mejar           |
| • 16-18 ára       | drengir        | stúlkur         |
| • 19-21 ára       | ungmenni karla | ungmenni kvenna |
| • 22-39 ára       | karlar         | konur           |
| • 40-49 ára       | öldungur       | öldungur        |
| • 50-59 ára       | öldungur       | öldungur        |
| • 60-69 ára       | öldungur       | öldungur        |
| • 70 ára og eldri | öldungur       | öldungur        |

Aldursflokkaskiptingin miðast við áramót.

Fæðingardag og ár skal tilgreina á þátttökutilkynningu, þegar keppt er í aldursflokkum. Enginn getur keppt í lægri aldursflokki en hann er sjálfur í, nema öldungar geta keppt í karla og kvennaflokki. Einnig geta öldungar keppt í næsta lægri aldursflokki öldunga ef ekki er auglýst keppni í þeirra eigin aldursflokki. Í eftirfarandi tilvikum geta menn tekið þátt í keppni með eldri keppendum: þegar ekki er auglýst keppni í aldursflokki þátttakanda má hann keppa með næsta aldursflokki fyrir ofan sinn. Þetta á þó einungis við um unglingsflokkana. B) Í punktamótum (sjá reglugerð).

**16.gr. um fyrirkomulag keppni.** Ásta lagði til að bætt verði við setningu um að ekki mætti fella niður keppni í auglýstum flokki ef lágmarksfjöldi keppanda hafi skráð sig og mætt til leiks. Tillagan var samþykkt samhljóða. Greinin hljóðar þá þannig:

#### **16 gr.**

Fella má niður keppni í flokki þar sem færri en 8 (6 í kvennaflokki og tvíliðaleik) hafa tilkynnt þátttöku. Mótsstjórn er óheimilt að fella niður keppni í auglýstum flokki hafi lágmarksfjöldi keppenda skráð sig og mætt til leiks nema ef alvarlegar ófyrirsjáanlegar aðstæður verða, þannig að hætta verður keppni á mótinu í heild. Almenna reglan í útsláttarkeppni skal vera einfaldur útsláttur. Mótsstjórn er heimilt að láta alla keppa við alla. Í keppni allir við alla skal innbyrðis leikur (leikir) ráða röð ef tveir (eða fleiri) eru jafnir að vinningum. Ef enn er jafnt ræður hlutfall unninna lotna og tapaðra í innbyrðisleikjum þeirra sem jafnir eru. Ef enn fást ekki úrslit ræður hlutfall unninna stiga og tapaðra í innbyrðisleikjum þeirra sem jafnir eru. Ef þá er enn jafnt skal leikin ein lota til úrslita. Í tvöföldum úrslætti skal keppninni hagað þannig að sá sem tapað hefur geti aldrei orðið í efsta sæti.

**18.gr. um röðun í mót.** Ásta lagði til að bætt verði við setningu aftast í 1. málsgrein um að sérstakar reglur gildi um röðun á Íslandsmóti, sbr. reglugerð um Íslandsmót. Einnig að tekin verði út setning um að breyting á tvíliðaleikspari verði að hafa átt sér stað a.m.k. 1 klst. fyrir keppni. Tillagan var samþykkt.

Víkingur lagði til að systkinum frá sama félagi verði skipt jafnt á milli helminga í töflu. Tillagan var felld með 3 atkvæðum gegn 7. 18. grein hljóðar þá svo:

#### **18 gr.**

Töflur skulu gerðar eftir grundvallarreglum ITTF. Hjá mótanefnd BTÍ fást tilbúnar töflur og þátttökueyðublöð. Mótsstjórn og yfirdómari hvers móts sjá um að draga og velur þá leikmenn sem á að raða eftir styrkleika.

Ef leikmenn eða pör eru

- 12 eða færri skal raða 2
- 13-32 skal raða 4
- 33-64 fleiri skal raða 8
- 65 eða fleiri skal raða 16

Ef raða á teimur leikmönnum eða pörum skal dregið um það hvor verður efstur á töflunni og hver neðstur.

Ef raða á 4 leikmönnum eða pörum skal raða tveim efstu eins og lýst er í a lið, en draga síðan á milli 3 og 4. Sá sem dreginn er á undan skal settur neðst á efri helming töflunnar en hinn efst á hinn helminginn.

Ef raða á 8 leikmönnum skal raða fjórum efstu eins og lýst er í a) og b). Sá sem fyrst er dreginn af 5-8 skal settur neðst í fyrsta fjórðung töflunnar, næsti í neðsta sæti þriðja fjórðungs, næsti í efsta sæti

annars fjórðungs og hinn síðasti í efsta sæti fjórða fjórðungs. Síðan er þeim sem eftir eru raðað niður eftir töflunni í þeirri röð sem þeir eru dregnir.

Þegar dregið er skal leikmönnum frá félagi sem sendir tvo leikmenn eða pör og fleiri skipt jafnt milli helminga fjórðunga og áttunduparta.

Tvíliðapari úr tveimur félögum verður ekki raðað með tilliti til félagshagsmuna.

Eftir að dregið hefur verið er ekki heimilt að bæta leikmönnum inn á töflu nema mótsstjórn hafið orðið á sannanleg mistök. Hafi leikmaður í tvíliðaleik forfallast má taka inn nýjan féлага þó ekki úr sömu keppni eða móti nema félagi hans mæti heldur ekki til leiks. Skilgreiningin sem fellst í grein þessari skal einnig gilda þegar dregið er í riðla.

Sérstakar reglur gilda um Íslandsmót, þar sem alltaf er raðað a.m.k. 4 keppendum.

**Gr. 15.-21.gr. um mótahald.** Stjórn BTÍ lagði fram nokkrar tillögur sem fela í sér smávægilegar orðalagsbreytingar á gr. 15-21. Tillögurnar voru samþykktar samhljóða. Þessar tillögur hafa þegar verið settar inn í 16. og 18. gr. hér að ofan. Hinar greinarnar hljóða svo:

#### **15 gr.**

Engan má skrá nema undir réttu nafni. Séu leikmenn í tvíliðaleik ekki í sama flokki, skal parið skráð í þann flokk sem eldri maðurinn á að vera í (sama gildir ef raðað væri eftir punktum í tvíliðaleik).

Leikmenn í tvíliðaleik þurfa ekki að vera í sama félagi.

Í tvíliðaleik eða tvenndarkeppni skal fyrst raða sigurvegurum sömu keppni frá fyrra ári, síðan þeim sem urðu í öðru sæti í sömu keppni og síðast öðrum pörum eftir samanlögðum punktafjölda.

#### **17. gr.**

Í allri keppni skulu þátttakendur klæðast búningi þess liðs sem þeir keppa fyrir. Fyrir upphaf keppnistímabils skal félag tilkynna mótanefnd BTÍ keppnisbúning, Treyju og stuttbuxur félagsins og skulu allir keppendur félagsins klæðast þeim búningi á Íslandsmótum og í flokkakeppninni.

Getur mótsstjórn vísað mönnum frá keppni sé þessu ekki sinnt. Einungis má keppa í stuttbuxum (eða pils) en gefa má undanþágu til þess að keppa í síðum íþróttabuxum. Keppt skal í stuttermabolum og skór skulu vera íþróttaskór með gúmmísólum eða fimleikaskór.

Keppandi skal vera tilbúinn til leiks þegar að honum kemur og í síðasta lagi 5 mínútum síðar, annars getur andstæðingur krafist vinnings án leiks.

#### **19. gr.**

Félag sem sendir leikmenn á mót á rétt á að hafa fulltrúa viðstaddan þegar dregið er.

#### **20. gr.**

Alltaf skal veita verðlaun fyrir 4 efstu sæti í öllum flokkum á mótum á vegum BTÍ. Þó þarf ekki að veita 4. verðlaun þegar allir keppa við alla.

#### **21 gr.**

Fulltrúar mótanefndar BTÍ og stjórnarmenn sambandsins hafa rétt til að vera viðstaddir mót á vegum félaga innan BTÍ. Þeim ber einnig skylda til að tilkynna brot á reglum sambandsins til mótanefndar BTÍ sem gerir þá viðeigandi ráðstafanir eftir eðli brotsins.

**22.gr. Gildistaka.** Breytingarnar taka gildi 1. febrúar 2009, sbr. 22. gr.

#### **22. gr. Gildistaka.**

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 01. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um keppnisreglur BTÍ þar með úr gildi.

## Reglugerð um Íslandsmót

**1.gr. um aldursskiptingu.** Fyrir lágu tillögur til breytinga frá Kjartani Briem, Ragnari Ragnarssyni og stjórn BTÍ. Kjartan lagði til að flokki ungmenna 19-21 árs verði bætt við sem og tvíliðaleikjum 13 ára og yngri. Ragnar leggur til að bætt verði við 10 ára aldursflokkum öldunga upp í a.m.k. 70-80 ára. Stjórnin tók tillit til beggja tillagnanna en leggur til að tvenndarkeppni unglunga verði tvískipt, 15 ára og yngri og 16-21 árs. Ásta lagði til að sama aldursskipting væri í tvenndarkeppni og í tvíliðaleik en nú er keppt í tvenndarkeppni unglunga 18 ára og yngri. Kjartan vildi ekki breyta flokkum sem til eru. Fyrst voru greidd atkvæði um tillögu stjórnar BTÍ í heild. Tillagan var felld með jöfnum atkvæðum, 5 á móti 5.

Þá voru greidd atkvæði sérstaklega um aldursflokka í einliðaleik og tvíliðaleik og þeir samþykktir. Lagt var til að í tvenndarkeppni unglunga verði keppt í 3 aldursflokkum, -15 ára og yngri, 16-18 ára og 19-21 árs og var það samþykkt. Breyting á aldursflokkum í öldungaflokkum var samþykkt.

Stjórn BTÍ lagði einnig til viðbót við greinina, þar sem kveðið er á um lágmarkspáttöku í einstökum flokkum og hvað gera skuli ef lágmarksfjöldi keppenda er ekki skráður til leiks. Einnig að flokkarnir séu kynjaskiptir. Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Voru fundarmenn ekki á eitt sáttir um það hvernig skyldi skilja setninguna um að ætíð skyldi keppt í elsta aldursflokknum ef keppendur hafa flust á milli flokka. Tillagan var síðan samþykkt með þorra atkvæða. Greinin að loknum breytingum:

### **1. gr. Keppnisflokkar og aðgengi.**

BTÍ gengst fyrir Íslandsmóti í borðtennis, Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga ár hvert. Auglýsa skal keppni í eftirtöldum flokkum og aldursflokkum:

#### **Íslandsmót karla og kvenna:**

- **Einliðaleikir:**
  - Meistaraflokkur
  - 1. flokkur karla
  - 1. flokkur kvenna
  - 2. flokkur karla
  - 2. flokkur kvenna
- **Tvíliðaleikur**
  - Opinn flokkur karla
  - Opinn flokkur kvenna
- **Tvenndarkeppni.**
  - Opinn flokkur

#### **Íslandsmót unglunga:**

- **Einliðaleikir:**
  - Ungmenni karla 19-21 árs

|           |                 |
|-----------|-----------------|
| ➤ Drengir | 16-18 ára       |
| ➤ Sveinar | 14-15 ára       |
| ➤ Piltar  | 12-13 ára       |
| ➤ Hnokkar | 11 ára og yngri |

|                   |                 |
|-------------------|-----------------|
| ➤ Ungmenni kvenna | 19-21 árs       |
| ➤ Stúlkur         | 16-18 ára       |
| ➤ Meyjar          | 14-15 ára       |
| ➤ Telpur          | 12-13 ára       |
| ➤ Tátur           | 11 ára og yngri |

• **Tvíliðaleikir:**

|                  |                 |
|------------------|-----------------|
| ➤ Ungmenni karla | 19-21 árs       |
| ➤ Drengir        | 16-18 ára       |
| ➤ Sveinar        | 14-15 ára       |
| ➤ Piltar         | 13 ára og yngri |

|                   |                 |
|-------------------|-----------------|
| ➤ Ungmenni kvenna | 19-21 árs       |
| ➤ Stúlkur         | 16-18 ára       |
| ➤ Meyjar          | 14-15 ára       |
| ➤ Telpur          | 13 ára og yngri |

▪ **Tvenndarleikir:**

|                             |                 |
|-----------------------------|-----------------|
| ➤ Ungmenni                  | 19-21 árs       |
| ➤ Unglingar 16-18 ára       | 16-18 ára       |
| ➤ Unglingar 15 ára og yngri | 15 ára og yngri |

**Íslandsmót öldunga:**

▪ **Einliðaleikir:**

|          |                 |
|----------|-----------------|
| ➤ Karlar | 40-49 ára       |
| ➤ Karlar | 50-59 ára       |
| ➤ Karlar | 60-69 ára       |
| ➤ Karlar | 70 ára og eldri |

|         |                 |
|---------|-----------------|
| ➤ Konur | 40-49 ára       |
| ➤ Konur | 50-59 ára       |
| ➤ Konur | 60-69 ára       |
| ➤ Konur | 70 ára og eldri |

▪ **Tvíliðaleikir:**

|          |                 |
|----------|-----------------|
| ➤ Karlar | 40-49 ára       |
| ➤ Karlar | 50-59 ára       |
| ➤ Karlar | 60-69 ára       |
| ➤ Karlar | 70 ára og eldri |

|         |                 |
|---------|-----------------|
| ➤ Konur | 40-49 ára       |
| ➤ Konur | 50-59 ára       |
| ➤ Konur | 60-69 ára       |
| ➤ Konur | 70 ára og eldri |

Aldursflokkar á Íslandsmótum eru kynjaskiptir, þ.e. aðeins körlum er heimiluð þátttaka í karlaflokkum og í kvennaflokkum er konum aðeins heimiluð þátttaka.

Lágmarkspátttaka í hverjum aldursflokki eru 4 í einliðaleik og þrjú pör í tvíliðaleik á Íslandsmóti karla og kvenna, Íslandsmóti unglinga og Íslandsmóti öldunga.

Þeir flokkar sem ekki uppfylla þessi skilyrði falla niður og keppendur yngri aldursflokka (21 árs og yngri) flytjast í næsta aldursflokk fyrir ofan en í flokkum öldunga flytjast keppendur í næsta aldursflokk fyrir neðan.

Ætíð skal keppt í elsta aldursflokknnum ef keppendur hafa flust á milli flokka enda þótt keppendur séu færri en 4 í einliðaleik og færri en þrjú pör í tvíliðaleik.

**2. gr. um tímasetningu Íslandsmóts.** Samþykkt var tillaga stjórnar BTÍ um að bæta við setningu, þar sem kveðið er á um að Íslandsmótið fari fram í febrúar-maí ár hvert. Greinin hljóðar þá þannig:

#### ***2. gr. Tímasetning Íslandsmótanna.***

Íslandsmótin í borðtennis skulu fara fram á tímabilinu febrúar-maí ár hvert. Íslandsmót unglunga og Íslandsmót öldunga skulu fara fram á öðrum tíma en Íslandsmót karla og kvenna.

**3.gr. um fyrirkomulag keppni.** Tillagan gerir ráð fyrir að bætt sé við greinina ákvæði um hvernig keppni á Íslandsmóti skuli skiptast á keppnisdaga og tímasetning flokka. Snorri sagði hana ekki komna frá stjórn BTÍ þrátt fyrir að hún sé merkt sem slík en honum hafi ekki verið ljóst frá hverjum tillagan væri. Hann lagði til að tillagan verði felld. Ólafur Ólafs sagði að tillagan væri frá honum komin og mæltist til þess að stjórnin tæki tillöguna til skoðunar. Tók Snorri jákvætt í það. Tillagan var síðan felld.

**4.gr. um fjölda lota.** Stjórn BTÍ lagði fram tillögu þar sem bætt er við ákvæði um röðun keppenda. Einnig er lagt til að keppni í tvíliðaleik á unglunga- og öldungamótum fari fram með útsláttarfyrirkomulagi. Ásta lýsti sig ósammála því að keppa með útsláttarfyrirkomulagi á Íslandsmóti unglunga. Tillaga stjórnarinnar samþykkt með þorra atkvæða. 4. gr. með viðbót:

#### ***4. gr. Röðun í keppni á Íslandsmótum og með hvaða hætti leikið er***

Í meistaraflokki karla og kvenna skulu leiknar 4-7 lotur. Í öllum öðrum flokkum skulu leiknar 3-5 lotur.

Íslandsmeistara frá fyrra ári skal raða fyrst. Síðan skal farið eftir styrkleikalista. Í öllum flokkum á Íslandsmótum skal raða að lágmarki fjórum keppendum, jafnvel þótt keppendur séu færri en 12.

Keppni á Íslandsmóti karla og kvenna skal höfð með útsláttarfyrirkomulagi í einliða- og tvíliðaleik og tvenndarkeppni. Á Íslandsmóti unglunga og öldunga skal keppni í einliðaleik fara fram í riðlum, sbr. 5. gr. hér á eftir, en í tvíliðaleik og tvenndarkeppni skal leikið með útsláttarfyrirkomulagi.

**5. gr. um fyrirkomulag keppni í einliðaleik.** Stjórnin lagði fram breytingu, sem felur í sér að skýrar er kveðið er á um að keppni á Íslandsmóti unglunga og öldunga fer fram í riðlum á sama hátt. Tillaga stjórnarinnar var samþykkt. 5. gr. með áorðnum breytingum:

#### ***5. gr. Fyrirkomulag keppni í einliðaleik á Íslm. ungl. og Íslm. öld.***

Keppni í einliðaleik á Íslandsmóti unglunga og Íslandsmóti öldunga fer fram í tveimur stigum. Í fyrsta stigi er keppt í riðlum, fjöldi riðla fer eftir þátttöku í flokknum t.d.

- 2-6 allir við alla, 1 riðill.
- 7-11 allir við alla, 2 riðlar.
- 12-16 allir við alla, 4 riðlar, 3-4 í riðli.

- 17 og fleiri allir við alla, 4-5 í riðli.

Annað stig, útsláttarkeppni. Þar er keppt til úrslita en á mismunandi hátt eftir þátttöku í hverjum flokki.:

- 2 riðlar. Tveir efstu menn í hvorum riðli leika í kross og sigurvegararnir leika síðan til úrslita.
- 4.riðlar. Tveir efstu menn í hverjum riðli í 8 manna úrsláttartöflu. Sigurvegarar raðast í sæti þ.e. í sæti 1,4,5 og 8.

Þeir sem lenda í öðru sæti í riðli fara í andstæðan helming við sigurvegara.

- 5 - 8 riðlar. Tveir efstu menn í 16 manna úrsláttartöflu. Sigurvegurum raðað í sæti.
- 9 riðlar eða fleiri. Tveir efstu menn í 16 manna úrsláttartöflu með forleikjum. Sigurvegurum raðað í sæti eftir því sem hægt er.

**6. gr. um tilkynningu úrslita til fjölmiðla.** Stjórn BTÍ lagði til viðbót við greinina þar sem mótsstjórnnum er gert að skila úrslitum til BTÍ sem tilkynni þau til fjölmiðla. Tillaga stjórnarinnar var samþykkt. 6. gr. hljóðar þá þannig:

#### ***6. gr. Tilkynning um úrslit til fjölmiðla***

Mótsstjórnir Íslandsmótanna skulu í lok hvers Íslandsmóts skila úrslitum til stjórnar BTÍ.

Stjórn BTÍ er skylt að tilkynna öllum íþróttadeildum fjölmiðla úrslit Íslandsmótsins um leið og þau liggja fyrir.

**8. gr. um gildistöku.** Breytingarnar taka gildi 1. febrúar 2009, sbr. nýja 8. gr.

#### ***8 gr. Gildistaka***

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 01. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um Íslandsmót BTÍ þar með úr gildi.

### **Reglugerð um Grand Prix mót**

**1.gr.** Stjórn BTÍ 2004-2007 hafði samþykkt breytingar á greininni, sem ekki höfðu verið staðfestar á þingi, um að Grand Prix mót verði 3-5 á hverju ári í stað þriggja og að 8 konur keppi á lokamótinu í stað fjögurra. Staðfesting á breytingunni lá fyrir þinginu, sem og breytingartillaga frá Ástu um að mótið verði áfram þrjú, tillaga frá stjórn Víkings um röðun keppenda á lokamót og önnur frá nýrri stjórn BTÍ, sem sameinar þætti úr hinum tillögunum. Tillaga nýrrar stjórnar BTÍ var borin upp og samþykkt samhljóða. Hún staðfestir breytingar sem fyrri stjórn gerði og fellir út síðustu setninguna í greininni þar sem félagi, sem heldur Grand Prix mót er gert að greiða tvöfalt punktagjald til BTÍ.

Breytingartillaga stjórnar Víkings um röðun á lokamót Grand Prix var einnig rædd. Ólafur Ólafs útskýrði tillöguna, sem felur í sér að röðun leikmanna á styrkleikalista, sem verða í 5.-8. sæti samtals á Grand Prix mótunum, verði tekin með í reikninginn þegar raðað er á lokamótið. Þá lendi stigaháir leikmenn, sem ekki hafa tekið þátt í öllum Grand Prix mótunum síður á móti stigahæstu leikmönnum í Grand Prix stigum. Kjartan var ósammála tillögunni og taldi hana ganga gegn tilgangi með Grand Prix mótunum. Leikmenn ættu að mæta á mótið til að

tryggja sér betra sæti á lokamótinu. Guðrún taldi þetta ekki vera vandamál. Tillagan var felld með 3 atkvæðum á móti 4. 1. grein hljóðar þá þannig:

### **1. grein**

Grand Prix mót eru opin mót í svonefndri Grand Prix mótaroð BTÍ og hafa meira vægi en venjuleg mót í styrkleikalista BTÍ. Grand Prix mótin eru þrjú til fimm á hverju keppnistímabili en auk þess er lokamót Grand Prix mótaraðarinnar þar sem þeir átta í karlaflokki og þær átta í kvennaflokki, sem náð hafa bestum árangri í Grand Prix mótum tímabilsins eigast við.

Á hverju móti fá keppendur stig í samræmi við það sæti sem þeir lenda í. Fyrsta sætið gefur átta stig, annað sætið gefur fjögur stig, 3.-4. sætið gefur tvö stig og 5.-8. sæti gefur eitt stig. Þeir átta sem fá flest stigin, annars vegar í karlaflokki og hins vegar í kvennaflokki, öðlast þátttökurétt á lokamótinu. Ef leikmenn hafa jafnmörg stig skal mótanefnd BTÍ draga um röð þeirra. Röðun á lokamótið ræðst af stigum fengnum á Grand Prix mótunum og raðast þannig á mótinu: Nr. 1 spilar við nr. 8, nr. 2 við nr. 7, nr. 3 við nr. 6 og nr. 4 við nr. 5.

**3.gr.** Stjórn BTÍ lagði til orðalagsbreytingu um að skýrar væri kveðið á um að íþróttadeildum fjölmiðla skyldu send úrslit Grand Prix móta. Tillaga stjórnarinnar var samþykkt samhljóða. Greinin að lokinni breytingu:

### **3. grein**

Félag, sem heldur Grand Prix mót, er skylt að tilkynna öllum íþróttadeildum fjölmiðla úrslit mótsins um leið og þau liggja fyrir.

**4.gr.** Stjórn BTÍ lagði fram tillögu til breytinga á greininni um að Grand Prix mótin verði haldin á tímabilinu október til mars en lokamótið í apríl eins og áður. Tillaga stjórnarinnar var samþykkt samhljóða. Greinin með samþykktri breytingu hljóðar svo:

### **4. grein**

Öll félög innan BTÍ geta sótt um að halda Grand Prix mót. Sækja skal um að halda Grand Prix mót fyrir 1. ágúst fyrir komandi keppnistímabil. Mótin skulu að öllu jöfnu haldin á tímabilinu október til mars og lokamótið fer fram í apríl. Félög skulu miða við framangreinda mánuði í umsóknum sínum. Í umsóknum skal koma fram dagsetning fyrirhugaðs móts og önnur dagsetning til vara ef kostur er, keppnisstaður og hverjir haldi mótið. Mótanefnd skal svara umsóknum fyrir 1. september fyrir komandi keppnistímabil. Leitast skal við að Grand Prix mót skuli haldin af sem flestum félögum og skal mótanefnd gæta fyllsta jafnréttis í því sambandi.

**Ný 6.gr.** Stjórn BTÍ leggur til að breytingarnar taki gildi 1. febrúar 2009. Var það samþykkt. 6. greinin er þá:

### **6. grein**

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 01. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um Grand Prix mót BTÍ þar með úr gildi.

Samþykkt á aukapingi BTÍ þann 31. janúar 2009.

### **Reglugerð um punktamót**

Fyrir þinginu lágu tillögur til breytinga á 4. grein um veitingu viðurkenninga til punktahæsta keppnisfólksins. Guðrún spurði hvort hægt væri að henda reglugerð um punktamót út í einu lagi. Ásta lagði til að þessari reglugerð verði breytt þannig að hún taki tillit til styrkleikalistans. Ólafur Ólafs vildi láta halda utan um þátttöku í mótum, t.d. um punkta í meistaraflokkum til þess að hægt sé að veita viðurkenningar byggðar á punktum. Kjartan minnti á að tilvísanir í punkta sé víða að finna í reglugerðum BTÍ. Samþykkt var að vísa til stjórnar að endurskoða málið í heild.

### **Reglugerð um kjör borðtennismanns ársins**

Gildandi reglugerð um kjör borðtennismanns ársins er í tveimur stuttum greinum. Fyrir þinginu lágu tillögur stjórnar BTÍ að reglugerð í sjö greinum með talsverðum breytingum frá fyrri reglugerð. Snorri kynnti hugmyndir stjórnarinnar um reglugerðina. Lagt er til að hvert félag tilnefni tvo karla og tvær konur úr hópi leikmanna sem verði gjaldgeng í kjörið. Síðan verði greidd atkvæði á milli þeirra sem voru tilnefndir á svipaðan hátt og samkvæmt núgildandi reglugerð. Stjórn BTÍ verður þó heimilt við sérstakar aðstæður að velja annan borðtennismann ársins en þann sem hlýtur flest atkvæði í kjörinu. Bjarni Bjarnason spurði af hverju félögin ættu að tilnefna tvo leikmenn. Snorri Páll rökstuddi það. Ásta taldi betra að ræða um borðtenniskarl og –konu en mann og konu. Hún taldi að ef borðtennisfólk ársins eigi að vera bestu leikmennirnir ættu leikmenn í 1. flokki ekki að koma til greina eins og gert er ráð fyrir í drögunum. Það ætti að standa í reglugerðinni ef á að velja bestu leikmennina. Bjarna fannst að efnilegustu leikmennirnir ættu að koma til greina. Guðrúnu fannst að ekki ætti alltaf að velja besta fólkið, þannig að Íslandsmeistarar eigi ekki áskrift að titlinum. Kjartan leggur til að stjórnin gefi sér tíma til að útfæra þetta betur. Tekur undir með að efnilegustu unglingarnir ættu að koma til greina, t.d. unglingar sem standa sig vel erlendis. Helgi kom fram með þá hugmynd að leikmenn kjósi efnilegasta og besta leikmanninn í lok keppnistímabilsins. Kjartan benti á að ekki standi í nýju reglugerðinni hvort eigi að miða við síðasta keppnistímabil. Ekki sé ljóst nákvæmlega hverjir hafi atkvæðisrétt og t.d. séu leikmenn erlendis ennþá á listanum. Guðrún spurði hvaða sérstöku aðstæður gætu orðið til þess að stjórnin breyti niðurstöðu kjörsins. Ásta taldi óþarfa að setja í reglugerð hverjum er boðið í samkvæmi af þessu tilefni. Að lokum var samþykkt að stjórn BTÍ þrói hugmyndir sínar frekar áður en greidd verði atkvæði um breytingartillögur við þessa reglugerð.

### **Reglugerð um flokkakeppni**

**1.gr. um keppnisfyrirkomulag.** Nokkrar tillögur til breytinga á reglugerðinni lágu fyrir þinginu. Kjartan Briem hafði lagt fram hugmyndir um úrslitakeppni, þar sem leikið væri eftir

þriggja manna Corbillion fyrirkomulagi með tvíliðaleik. Kjartan lagði líka til að fjöldi liða frá sama félagi í 1. deild karla verði takmarkaður. Kjartan leggur til að þremur síðustu leikjunum í leikjaskipulaginu verði sleppt enda taldi hann deildarleiki vera fulllanga núna. Tillögur Kjartans eru sambærilegar við leikjafyrirkomulagið í Danmörku. Taldi hann árangurinn í Danmörku góðan og að niðurstaðan verði fleiri spennandi leikir. Bjarni lýsti sig fylgjandi hugmyndinni. Daði spurði hversu þétt leikirnir ættu að vera í úrslitakeppninni.

Tvær aðrar tillögur komu fram til breytinga á 1. grein. Sigurður Sverrisson lagði til að keppt verði eftir þriggja manna HM kerfi í 1. deild karla og kvenna og í 2. deild karla. Tillaga stjórnar BTÍ gerir ráð fyrir að keppt sé eftir þriggja manna HM kerfi í 1. og 2. deild karla en að áfram sé keppt eftir tveggja manna Corbillion kerfi í 1. deild kvenna. Í öllum tillögum var gert ráð fyrir að keppt væri heima og að heiman. Fyrst var greitt atkvæði um tillögu stjórnar BTÍ og var hún samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4. Eftir atkvæðagreiðsluna kom í ljós að þingfulltrúar höfðu ekki áttáð sig á því að þeir voru að samþykkja að leika tvöfalda umferð 1. deild kvenna. Fellt var að leika tvöfalda umferð í 1. deild kvenna með 5 atkvæðum á móti 6.

Þá var tillaga Kjartans tekin fyrir. Ólafur Ólafs benti á frekar ætti að stytta leiki í 2. deild karla og var Kjartan sammála því. Tillaga Kjartans var lögð fram nokkuð breytt og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að keppa eftir þriggja manna Corbillion kerfi með tvíliðaleik í 1. deild karla, eftir HM kerfi í 2. deild karla en í unglinga- og kvennaflokki verði áfram keppt eftir tveggja manna Corbillion kerfi. Einnig var borin upp þessi tillaga og samþykkt með þorra atkvæða: „Í 1.deild karla og kvenna telst efsta lið eftir deildakeppni teljast deildarmeistari tímabilsins, en í öðrum deildum teljast sigurlið Íslandsmeistarar. Sigurlið í úrslitakeppni 1. deildar telst Íslandsmeistari (sjá 12.grein).“

Þessi setning verður áfram inni en verður flutt ofar í greinina, þar sem fjallað er um röðun leikja: „Í 2.deild karla skal leikið eftir HM kerfi, þá er hægt að vinna 3-0: A:X, B:Y, C:Z, A:Y, B:X.“ Greinin með samþykktum breytingum:

### ***1. gr. Keppnisfyrirkomulag***

Keppt skal eftir 3ja manna "Corbillion" kerfi með tvíliðaleik í 1. deild karla, eftir HM kerfi í 2. deild karla en í unglinga- og kvennaflokki skal keppt eftir tveggja manna "Corbillion" kerfi.

Í 1.deild karla og kvenna telst efsta lið eftir deildakeppni teljast deildarmeistari tímabilsins, en í öðrum deildum teljast sigurlið Íslandsmeistarar.

Sigurlið í úrslitakeppni 1.deildar telst Íslandsmeistari (sjá 12.grein).

#### **Röð leikja skal vera þessi.**

|                                |                |                |               |
|--------------------------------|----------------|----------------|---------------|
| „Corbillion kerfi“, 3ja manna: | A:Y, B:X, C:Z, | tvíliðaleikur, | A:X, C:Y, B:Z |
| „Corbillion kerfi“, 2ja manna: | A:X, B:Y,      | tvíliðaleikur, | A:Y, B:X.     |
| „HM kerfi“, 3ja manna:         | A:X, B:Y, C:Z, |                | A:Y, B:X.     |

Ef þátttakendum í flokki hefur verið skipt í tvo riðla skal í úrslitakeppni spilað „í kross“ þannig að sigurvegari í A riðli leikur við lið í öðru sæti í B riðli, en sigurvegari í B riðli leikur við lið úr öðru sæti úr A riðli. Sigurvegar úr þessum leikjum leika til úrslita, en þeir sem tapa um þriðja sætið.

**2. gr. um keppnisflokka.** Fjórar breytingartillögur á 2. grein lágu fyrir. Ásta lagði til að keppt verði í 1. deild kvenna heima og heiman eins og í karlaflokki og minnti á að það hefði verið gert fyrr á árum. Tillagan var felld með einu atkvæði á móti þremur. Önnur tillaga Ástu og Kjartans var samþykkt, sem var að fella út setningu um að leikmaður, sem er hlutgengur í flokkakeppni unglunga að hausti sé einnig hlutgengur að vori, en sama breyting hafði verið gerð á keppnisreglum á ársþingi 2004. Stjórn BTÍ lagði til að bætt verði við í reglugerðina flokki ungmenna 19-21 árs í flokkakeppni unglunga og var það samþykkt.

Kjartan lagði fram tillögu um að lið innan sama félags megi ekki skiptast á sætum á milli deilda. Stjórn BTÍ taldi þessa tillögu ekki samræmast jafnréttissjónarmiðum. Kjartan vísaði í danska reglu og taldi að félög gætu styrkt liðin í 2. deild þannig að félagið héldi alltaf sætum í 1. deild. Helgi minnti á að áður fyrr hefðu verið mjög fá félög og ekkert lið hefði verið í 2. deild. Sú staða gæti komið upp aftur. Ólafur Ólafs taldi okkur ekki eiga fleiri meistaraflokks leikmenn en til að fylla 1. deild. Kjartan nefndi HK sem dæmi, en félagið komst ekki upp úr 2. deild þar sem Víkingur flutti inn leikmann frá útlöndum til að leika í 2. deild. Sjónarmið Helga var að bestu liðin ættu að leika í 1. deild. Greidd voru atkvæði um þessa tillögu Kjartans og var hún felld með tveimur atkvæðum á móti fjórum. Greinin með áorðnum breytingum:

### **2. gr. Keppnisflokkar**

- Karlar: 1. og 2. deild
- Konur: 1. deild
  
- Drengir: 15 ára og yngri, 16-18 ára, 19-21 árs
- Stúlkur: 15 ára og yngri, 16-18 ára, 19-21 árs

Í 1. deild karla skulu vera 6 lið.

Neðsta lið í 1. deild karla fellur í 2. deild en efsta lið í 2. deild flyst í 1. deild.

Leikin skal tvöföld umferð í 1. deild karla en einföld umferð í öðrum flokkum

Í 1. og 2. deild karla og í kvennaflokki skal lágmarksstærð keppnisvallar vera 5 x 10 m. og keppni skal fara fram á einu til þremur borðum eftir því sem húsrúm leyfir. Í öðrum flokkum ákveður mótanefnd fjölda borða sem keppt skal á.

**3. gr. um keppnistíma.** Stjórn BTÍ og Ásta lögðu fram tillögu vegna ósamræmis á milli greina á keppnistíma í 1. deild kvenna. Orðin „og kvenna“ voru felld út úr greininni í samræmi við fyrri samþykkt á þinginu um að leikin skyldi einföld umferð í 1. deild kvenna. Greinin með breytingum:

### **3. gr. Keppnistími**

Flokkakeppni skal fara fram á fyrri hluta árs á einni helgi, nema í 1. deild karla sem skal leikin heima og að heiman á æfingatímum félaganna.

**5. gr. um viðurlög við brotum o.fl.** Ásta og stjórn BTÍ lögðu til breytingu á orðalagi, þar sem orðið „umferð“ hefur ekki alltaf sömu merkingu í reglugerðinni. Ásta lagði einnig fram svipaðar tillögur fyrir 2. gr., 7. gr. og 8. gr. Í þessari grein verði orðunum „heima og heiman“ bætt fyrir aftan orðið „umferð“. Tillagan var samþykkt.

Ásta benti einnig á að skv. greininni telst lið mætt ef 2/3 leikmanna eru mættir. Nokkrum sinnum hefur komið fyrir að í báðum liðum í 1. deild karla hefur vantað leikmann og því hafa vakantar í báðum liðum lent saman í leik. Ekki er tekið fram í reglugerðinni hvernig skal fara með slíkan leik. Ásta lagði til að kastað verði upp hvor vakantinn telst hafa sigrað. Tillögunni var vísað til stjórnar. Greinin með samþykktum breytingum:

#### **5. gr. Viðurlög við brotum o.fl.**

Mæti lið ekki til leiks telst það lið hafa tapað leiknum með mesta mun og skal greiða ákveðna sekt, sem mótanefnd ákveður.

Mótanefnd er heimilt að fresta eða flýta leikjum ef brýna nauðsyn beri til.

Félagið er einnig skyldugt til að greiða sannanlegan kostnað sem stofnað hefur verið til vegna keppinnar.

Sé leikin tvöföld umferð, heima og heiman, í mótinu skal hið brotlega lið leika seinni leikinn á útivelli (sé hann óleikinn).

Komi slíkt fyrir aftur skal liðið og fastir leikmenn þess vera úr keppninni, leiknir leikir þess strikaðir út og félagið dæmt til að greiða ákveðna sekt til mótanefndar. Lið telst mætt til leiks séu 2/3 leikmanna mættir.

**6. gr. um úrslit leikja.** Kjartan lagði til viðbót við 11. gr. þar sem kveðið er á um að heimalið beri ábyrgð á að skila skýrslum um deildarleiki. Stjórn BTÍ lagði fram svipaða tillögu en leggur til að viðbótin verði við 6. gr. í stað 11. gr. Tillaga stjórnarinnar var samþykkt. Greinin með viðbót hljóðar þannig:

#### **6. gr. Um úrslit leikja**

Unninn leikur gefur tvö stig en hvort lið fær 1 stig ef jafntefli verður. Sá vinnur mótið sem flest hlýtur stigin og verði þau jöfn ræður hlutfall unninna leikja og tapaðra og síðan ræður hlutfall unninna lota og tapaðra. Allir leikir keppinnar skulu reiknaðir með. Sé þá enn jafnt hjá tveimur eða fleirum liðum skal leikið til úrslita á hlutlausum velli.

Verði jafntefli í hreinum úrslitaleik skal leikinn annar úrslitaleikur á hlutlausum velli. Verði aftur jafnt skal hvort lið um sig tilnefna einn mann til þess að leika hreinan úrslitaleik um sigurinn (3-5 lotur).

Heimalið er ábyrgt fyrir því að úrslit leiks berist til skrifstofu BTÍ, og skulu öll úrslit einstakra leikja með fullum nöfnum keppenda og undirrituðum leikskýrslum berast innan 3ja daga frá lokum leiks.

Heimilt er að senda úrslit í gegnum tölvupóst og skal í stað undirskriftar, berast staðfestingartölvupóstur frá fyrirliðum viðkomandi liða til BTÍ innan fyrrgreindra tímamarka.

**7.gr. um hlutgengi leikmanna.** Fjórar tillögur til breytinga komu fram við þessa grein. Tillaga stjórnar BTÍ kvað á um að í 1. deild megi hver leikmaður eingöngu leika tvisvar á sama keppnistímabili gegn sama liði, einu sinni í fyrri hluta, og einu sinni í seinni hluta keppinnar. Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða.

Kjartan lagði fram tillögu að viðbót við greinina vegna úrslitakeppni. Samkvæmt tillögu Kjartans mega aðeins þeir leikmenn, sem hafa leikið a.m.k. þrjá leiki í deildarkeppninni með liði keppa fyrir það lið í úrslitakeppninni. Stjórn BTÍ getur þó veitt undanþágu frá þessari grein vegna meiðsla eða veikinda. Ólafur Ólafs spurði hvort leikmaður, sem hefur verið tilkynntur í lið en hefur ekki leikið, sé gjaldgengur í annað lið. Kjartan sagði reglurnar sambærilegar við reglur í öðrum löndum. Tillagan var samþykkt með 8 atkvæðum gegn einu. Ásta lagði til að allir leikmenn í liði í flokkakeppni verði að vera í sama félagi og í því félagi sem þeir keppa fyrir í flokkakeppninni. Tillagan var felld með meirihluta atkvæða. Borðtennisdeild HK lagði fram tillögu um að leikmanni sé óheimilt að skipta um lið innan félags. Umræður fóru fram um réttmæti þessarar tillögu. Tillagan var felld í atkvæðagreiðslu með 4 atkvæðum á móti 5. Greinin er þá svohljóðandi:

### **7. gr. Um hlutgengi leikmanna**

Félagi er heimilt að nota eins marga leikmenn í liði sínu og það vill á keppnistímabilinu. Leikmanni er heimilt að skipta einu sinni á leiktímabili um lið innan félags. Í 1. deild má hver leikmaður eingöngu leika tvisvar á sama keppnistímabili gegn sama liði, einu sinni í fyrri hluta, og einu sinni í seinni hluta. Þótt stillt hafi verið upp leikskýrslu getur varamaður komið inn fyrir mann sem ekki hefur leikið. Konum er heimil þátttaka í flokkakeppni karla.

Í úrslitakeppni 1.deildar mega eingöngu leika þeir leikmenn sem leikið hafa a.m.k. þrjá leiki í deildakeppni tímabilsins með sama liði og keppt er fyrir í úrslitakeppni. Stjórn BTÍ getur gefið undanþágu frá þessu ákvæði eftir umsókn liðs/félags ef sannanlega eru sýnd fram á alvarleg meiðsli/veikindi sem koma í veg fyrir að leikmaður geti leikið. Ef lið leikur með ólöglegum leikmanni samkvæmt 7.grein telst leikur liðsins tapður með stærsta mun.

**8.gr. um dómara, röðun leikja og tilkynningaskyldu félaga.** Kjartan hafði lagt fram tillögu um að liðum sömu félaga verði markvisst fækkað í 1. deild karla til að rýma til fyrir öðrum félögum. Kjartan ákvað að draga tillögu sína til baka.

Stjórn BTÍ lagði til að tilkynningaskylda félaga um liðsmenn liða í flokkakeppni gangi jafnt yfir öll lið með því að orðin „hafi félagið tilkynnt fleiri lið í sama flokki/deild“ falli út. Var það samþykkt. Umræður fóru fram um hvaða afleiðingar það hafi ef félög tilkynna ekki liðsmenn, hvort breyta megi liði án tilkynningar og hvort bæta megi við leikmönnum eftir tilkynningu. Ólafur Ólafs spurði af hverju leikmenn megi ekki bætast við í lið. Snorri Páll taldi að nýir leikmenn ættu að bætast við um áramót. Fundarmenn voru ekki á einu máli um tilganginn með þessari tilkynningu og var málinu vísað til stjórnar.

Einnig var samþykkt að orðin „hvorri umferð“ verði „hvorum hluta keppinnar“. Þá verður greinin:

### **8. gr. Um dómara, röðun leikja og tilkynningaskyldu félaga**

Félögum er skylt að tilkynna mótanefnd BTÍ fyrir upphaf flokkakeppni hvaða leikmenn skipi hvaða lið félagsins.

Leiki tvö eða fleiri lið frá sama félagi í sama riðli skal þeim raðað eftir styrkleika, A, B, C o.s.frv. Leikir liða úr sama félagi skulu fara fram fyrst í hvorum hluta keppinnar.

Félög sem eiga lið í 1.deild karla skulu tilnefna þrjá dómara til að dæma leiki í 1.deild. Greiðsla til dómara skal vera ákveðin og endurskoðuð árlega af stjórn BTÍ.

**Ný 12. gr. um úrslitakeppni.** Kjartan lagði fram nýja grein um fyrirkomulag úrslitakeppni. Stjórn BTÍ mælti með opinni umræðu um fyrirkomulagið. Rætt var um að hafa fína umgjörð um úrslitakeppnina og kom Pétur með þá hugmynd að fá stað eins og Borgarleikhúsið fyrir úrslitaleikinn. Greinin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **12. gr. Úrslitakeppni**

Úrslitakeppni 1.deildar karla og kvenna fer fram eftir að deildarkeppni í 1.deild er lokið. Í undanúrslitum úrslitakeppni 1. deildar karla skulu annars vegar mætast lið nr. 1 og lið nr. 4 í deildinni, og skal lið nr. 1 hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik, en lið 4 í öðrum leik, og hins vegar lið nr. 2 og lið nr. 3, og skal lið nr. 2 hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik, en lið 3 í öðrum leik. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum, komast áfram í úrslitaviðureign og skal það lið sem var ofar í deildinni hafa heimaleik í fyrsta og þriðja leik. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum úrslitanna telst Íslandsmeistari í 1.deild karla í borðtennis. Ef 6 lið eða fleiri leika í 1.deild kvenna skal úrslitakeppni 1.deildar kvenna fara fram með sama sniði og úrslitakeppni 1.deildar karla. Að öðrum kosti fara eingöngu tvö lið í 1.deild kvenna í úrslitakeppni. Þá skulu mætast lið nr. 1 og lið nr. 2 í deildakeppninni og skal lið nr. 1 hafa heimaleik í 1. og 3. leik en lið 2 í 2. leik. Það lið sem sigrar fyrr í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild kvenna.

**Ný 13. gr. um frestun leikja.** Þrjár tillögur komu fram að grein um heimild til frestunar leikja, frá Kjartani, stjórn HK og stjórn BTÍ. Tillaga stjórnar BTÍ var tekin fyrir og rædd. Guðrún spurði hvort ekki megi fresta deildarleik ef allir leikmenn eru sammála um frestun. Pétur sagði vandkvæði á að setja leik á aftur. Snorri vildi að það væri skilyrði fyrir frestun að ný dagsetning leikjarins lægi fyrir. Að loknum umræðum var tillaga stjórnar BTÍ samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Greinin er svohljóðandi:

### **13. gr. Frestun leikja**

Beiðni um frestun leikja skal berast svo fljótt sem auðið er eigi síðar en kl. 12:00 á leikdegi til mótanefndar BTÍ til umfjöllunar og skal mótanefnd skila niðurstöðu eins fljótt og auðið er til hlutaðeigandi liða. Mótanefnd metur niðurstöðu út frá aðstæðum hverju sinni.

**14. gr. um gildistöku** tekur við af 12.gr. og breytist í samræmi við nýja dagsetningu, sem er 1. júlí, þ.e. breytingarnar taka gildi fyrir næsta keppnistímabil.

### **14. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 01. júlí 2009 og falla eldri reglugerðir um flokkakeppni BTÍ þar með úr gildi. Samþykkt á aukabingi BTÍ þann 31. janúar 2009.

**Þingslit.** Snorri Páll Einarsson, formaður Borðtennissambands Íslands þakkaði þingfulltrúum þeirra vinnu og sleit þingi.

11. mars 2010

Ásta M. Urbancic